

---

# ÁRSSKÝRSLA FÍLA 2020-2021

---



# ÁRSSKÝRSLA FÍLA 2020-2021

lögð fram á 43. aðalfundi Félags íslenskra landslagsarkitekta

Föstudaginn 30. apríl 2021 í Grósku, Bjargargötu 1

## Efnisyfirlit

1.	Félagið og verkaskipting	4
2.	Stjórnarfundir FÍLA	7
3.	Fulltrúaráðsfundur FÍLA	8
4.	Félagsfundir FÍLA	8
5.	Norrænir fundir	8
6.	IFLA Alþjóðlegt samstarf	9
7.	Aðrir viðburðir	9
8.	Félagsmenn og nýliðun	10
9.	Umsókn LBHÍ um viðurkenningu á Bsc námi hjá IFLA Europe	11
10.	Samkeppnisreglur FÍLA og samkeppnismál	11
11.	Kynningarmál	12
12.	Samráð, samstarf og samskipti	13
13.	Verðlaun og viðurkenningar	14
14.	Miðstöð Hönnunar og Arkitektúrs	14
15.	Siðanefndarmál	14
16.	Framtíðarsýn og næstu verkefni	14
17.	Viðaukar:	16
I.	DAGSKRÁRNEFND FÍLA	17
II.	LAGANEFND FÍLA	18
III.	SAMKEPPNISNEFND FÍLA	19
IV.	MENNTANEFND FÍLA	21
V.	IFLA FULLTRÚI	22
VI.	FULLTRÚI FÍLA Í HÖNNUNARMÍÐSTÖÐ	23
VII.	ORÐANEFND FÍLA	27
VIII.	GARÐSÖGUHÓPUR FÍLA	28
IX.	SIÐANEFND FÍLA	29

**Stjórn FÍLA**

*Svanhildur Gunnlaugsdóttir, formaður*

*Gunnar Gunnarsson, ritari*

*Dagbjört Garðarsdóttir, gjaldkeri*

*Ragnar Frank Kristjánsson, meðstjórnandi*

*Marta María Jónsdóttir, meðstjórnandi*

## 1. Félagið og verkaskipting

Aðalfundur er æðsta vald í öllum málefnum félagsins.

### A. Skipan stjórnar

#### Stjórn 2020-2021:

Svanhildur Gunnlaugsdóttir, formaður

Gunnar Gunnarsson, ritari

Dagbjört Garðarsdóttir, gjaldkeri

Ragnar Frank Kristjánsson, formaður menntanefndar og meðstjórnandi

Marta María Jónsdóttir, formaður dagskrárnefndar og meðstjórnandi

### B. Fastanefndir – hlutverk, markmið og skipan starfsárið 2020-2021

Kallað var eftir skýrslum nefnda og eru þær sem bárust í viðauka aftast í skýrslu stjórnar.

#### Dagskrárnefnd:

Hlutverk dagskrárnefndar er að skipuleggja og sjá um faglegt innra starf félagsins. Setja upp dagskrá fyrir starfsárið og útvega gestafyrirlesara inn á félagsfundi ofl. tengt þeim.

Nefndina skipa:

Marta María Jónsdóttir

Ulla Rolfsigne Pedersen

Halla Hrund Pétursdóttir

#### Samkeppnisnefnd:

Annast tengslamál innan félagsins og utan og kynnir stöðu þess og störf landslagsarkitekta. Samkeppnisnefnd fer með umboð félagsins í samkeppnum á vegum þess.

Nefndina skipa:

Hlín Sverrisdóttir

Björn Ingi Edvardsson

Ólafur Melsted

#### Laganefnd:

Fjallar um breytingar á lögum FÍLA auk þess að fjalla um lagaleg erindi sem berast FÍLA og varðar lög og reglugerðir frá Alþingi og stofnunum samfélagsins.

Nefndina skipa:

Ingvar Ívarsson  
Arnar Birgir Ólafsson  
Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir

#### **Menntanefnd:**

Nefndin fer með menntamál landslagsarkitektastéttarinnar, umsjón með inntöku nýrra félaga í FÍLA. Heldur tengsl við helstu menntastofnanir sem mennta landslagsarkitekta.

Nefndina skipa:

Ragnar Frank Kristjánsson  
Guðmundur Rafn Sigurðsson  
Hildur Dagbjört Arnardóttir

#### **C. Nefndir um afmörkuð málefni.**

##### **Orðanefnd:**

Safnar og setur í orðabanka fagorð á sviði landslagsarkitektúrs, er tengiliður FÍLA við Íslenska málstöð og Orðabók Háskólans.

Nefndina skipa:

Auður Sveinsdóttir  
Áslaug Traustadóttir  
Stefán Jónsson  
Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir

##### **Siðanefnd:**

Fer með siðferðileg álitamál sem upp koma. Sker úr um ágreining samkvæmt ákvæðum siðareglna félagsins.

Nefndina skipa:

Þórólfur Jónsson  
Erla Bryndís Kristjánsdóttir  
Guðmundur Rafn Sigurðsson  
Áslaug Traustadóttir

#### **Skoðendur reikninga FÍLA:**

Samkvæmt lögum félagsins.

Skoðendur starfsárið 2020-2021:

Finnur Kristinsson  
Þórólfur Jónsson

## D. Vinnuhópar / verkefnastjórnun:

### Hönnunarmars 2021

Inga Rut Gylfadóttir og Íris Reynisdóttir eru í undirbúningshópi fyrir verkefni/sýningu í tengslum við Hönnunarmars í ár, í samstarfi við Arkitektafélag Íslands og Félag húsgagna- og innanhússarkitekta og ber yfirskriftina *Arkitektúr og lýðheilsa*. Verkefnisstjóri er Gerður Jónsdóttir framkvæmdastjóri AÍ. Verkefnið tók breytingum á fyrstu mánuðum ársins og var horfið frá því að hafa sýningu en stefnt er að halda ráðstefnu í Grósku. Þegar nær dregur verður tekin ákvörðun með hvaða hætti hægt verður að koma saman, en það fer eftir gildandi samkomutakmörkunum.

### Netumsjón og heimasíðan

Ritari FÍLA sér um heimasíðu og netumsjón. Lilja Kristín Ólafsdóttir sat í samstarfsnefnd Hönnunarmiðstöðvar um sameiginlega heimasíðu undir hatti Hönnunarmiðstöðvar. Ný heimasíða Hönnunarmiðstöðvar opnaði í maí 2020.

### Evrópski landslagssáttmálinn (ELC)

Tengiliður félagsins við stjórnvöld og opinberar stofnanir vegna kynningar á sáttmálanum.

Fulltrúar starfsárið 2020-2021:

Einar E. Sæmundsson  
Auður Sveinsdóttir

### Garðsöguhópur.

Hópurinn hefur nú unnið sér sess sem fastanefnd innan FÍLA og gaf á síðasta ári út skýrsluna *Garðar lifandi minjar*, sem er árangur nokkurra ára vinnu og byggir á viðamikilli heimildasöfnun um garða og varðveislu þeirra. Nefndin hefur samskipti við Minjastofnun varðandi varðveislu og friðun garða samkvæmt lögum um minjavernd. Fulltrúar garðsöguhópsins hafa beitt sér fyrir því að í lögum um menningarminjar verði sett ákvæði sem heimilar verndun og friðun lifandi minja s.s. trjálunda, stakra trjáa og garðagróðurs. Frumvarp þess efnis var tekið fyrir á yfirstandandi þingi og er nú í lokameðferð þingsins. Fulltrúar hópsins eru einnig í rýnihópi á vegum Minjastofnunar um framtíðar verkefni stofnuninnar.

Fulltrúar starfsárið 2020-2021:

Einar E. Sæmundsen  
Auður Sveinsdóttir

*Sjá nánar skýrslu Garðsöguhóps í viðauka*

### Fulltrúi FÍLA í ritstjórn danska tímaritsins Landskab

Fulltrúar starfsárið 2020-2021:

Ulla R. Pedersen

## E. Fulltrúar FÍLA í stjórnnum utan félags

### IFLA - fulltrúi

FÍLA hefur frá upphafi tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi landslagsarkitektafélaga, þ.e. IFLA Europe og IFLA World. IFLA-fulltrúi FÍLA er Fríða Björg Eðvaldsdóttir og er hún tengiliður félagsins við IFLA og IFLA Europe.

### Fulltrúi FÍLA í Miðstöð Hönnunar og arkitektúrs

Hönnunarmiðstöð Íslands var sett á laggirnar 15. janúar 2008. Hönnunarmiðstöð er sameiginlega í eigu hönnunarfélaganna á landinu. Mikil gróska hefur verið í starfseminni frá stofnun þess. Fulltrúi FÍLA er Inga Rut Gyldfadóttir sem sér um tengsl félagsins við Hönnunarmiðstöðina.

### Sveinsprófsnefnd í skráðgarðyrkju við starfsmenntunarbrot LBHÍ

Hefur umsjón með undirbúningi og fyrirkomulagi sveinsprófa.

Fulltrúi undanfarin ár hefur verið Elízabet Guðný Tómasdóttir

### Fagnefnd skráðgarðyrkjubrautar við LBHÍ

Fulltrúi 2020-2021 er Gunnar Gunnarsson og Ólafur Melsted til vara.

### Stjórn Myndstefs

Fulltrúi 2020-2021 er formaður FÍLA.

### Höfundaréttarráð

Fulltrúi FÍLA er Oddur Hermannsson

### Votlendisráð

Fulltrúi FÍLA í votlendisráði er Guðrún Birna Sigmarsdóttir.

## 2. Stjórnarfundir FÍLA

Haldnir voru 8 stjórnarfundir á starfsárinu 2020-2021 fram að aðalfundi 2021. Flestir fundanna voru fjarfundir. Stjórn fundaði einnig í kaffihúsinu Flóru í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og í heimahúsi. Stjórnin hefur enn ekki nýtt sér nýja aðstöðu Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs í Grósku, en þangað flutti miðstöðin aðstöðu sína fyrir skemmstu og lofar hún góðu.

### 3. Fulltrúaráðsfundur FÍLA

Enginn formlegur fulltrúaráðsfundur var haldinn í ár.

*Formenn nefnda skipa fulltrúaráð FÍLA sem hittist einu sinni á ári með stjórn til þess að samræma starfsemi FÍLA. Nefndirnar skulu starfa samkvæmt starfsreglum sem stjórn FÍLA ákveður í samráði við viðkomandi nefnd. Starfsreglur skulu staðfestar á félagsfundum.*

### 4. Félagssfundir FÍLA

Starfsárið var óvenjulegt vegna Covid-19 faraldursins og metnaðarfull dagskrá sem dagskrárnefndin hafði lagt upp með varð að litlu. Ekki gafst almennilegt tækifæri fyrir samkomuhald og var litli haust-göngutúrinn eini fundurinn þar sem nokkrir félagar hittust. Að auki voru haldnir tveir viðburðir á netinu. Eftir áramót var haldið í vonina um að brátt myndi rofa til, en því miður hafa ríkt samkomutakmarkanir og ríkja enn. Eftirfarandi viðburðir eru færðir til bókar:

- **24. september 2020.** Haustganga um miðborg Reykjavíkur þar sem fulltrúar dagskrárnefndar sáu um leiðsögn og skoðaðir voru nokkrir nýlegir uppbyggingarstaðir í miðborginni. Hraustir og vel klæddir félagar hittust við Hallgrímskirkju og röltu í um 2 tíma og skoðuðu m.e. Óðinstorg, steinbryggjuna, Austurhöfn, Lækjartorg, Boðatorg ofl.
- **19. nóvember 2020.** Zoom-fundur í samvinnu við LBHÍ þar sem Kristín Pétursdóttir brautarstjóri og Samaneh Nickayin lektor við landslagsarkitektabrautina fluttu erindi. Kristín fjallaði um námsbrautina við skólann og Samaneh flutti erindi um persneska garða, en Samaneh er frá Íran en hefur starfað undanfarin ár á Ítalíu. Mjög góð þátttaka var á fundinum.
- **4. desember 2020.** Áætlað var að halda veglegan jólafund eins og venja er og lengi vel virtist það ætla að verða mögulegt, en vegna nýrrar bylgu í Covid-faraldringum varð Zoom-jólafundur á netinu það sem í boði var. Nokkrir félagsmenn sem búsettir eru erlendis sáu sér fært að mæta á fjarfundinn, sem er vissulega jákvætt en það sýndi sig að það er erfitt að halda gott party á netinu.

### 5. Norrænir fundir

Boðað var til norræns stjórnarfundar á Zoom 6. nóvember 2020 þar sem formaður, ritari og IFLA fulltrúi sátu. Fyrirfram skilaði hvert félag inn stuttri greinargerð um helstu verkefni síns félags. Sænska félagið var gestgjafi fundarins og fluttu erindi bæði frá Svíþjóð og Kenya. Nokkuð var rætt um hvernig fundahaldi skyldi háttað í framtíðinni. Á ráðstefnunni í Noregi 2019 var norræna fundinum frestað og í Tyrklandi ári síðar, var hann óformlegur. Að hittast á netfundi er betra en ekkert, en kemur ekki alveg í stað þess að hittast. Stefnt er á norræna ráðstefnu í Danmörku í haust 2021. Samkvæmt plani ætti Ísland að halda norræna ráðstefnu 2023.

Helstu samstarfsverkefni norrænu félaganna eru eftirfarandi:

- Tilnefningar til IFLA Sir Geoffrey Jellicoe verðlauna
- Stuðningur og tilnefningar til norrænna fulltrúa í IFLA



- Stuðningur og verkefnaval til að auka sýnileika IFLA
- Sameiginleg fagleg umræða

## 6. IFLA Alþjóðlegt samstarf og GA2020

**IFLA World** ráðstefna var haldin í Malasyu, þ.e. rafrænn fundur, þann 25. september 2021. Fríða Björg IFLA fulltrúi sat fundinn og einnig Hermann Georg, en hann situr í stjórn IFLA Europe. Rafræn kosning í embætti fór fram fyrirfram.

### IFLA Europe

Eins og kunnugt er stóð til að FÍLA héldi aðalfund IFLA Europe í október 2020, GA2020. Undirbúningur hafði staðið yfir um nokkurt skeið og báru Fríða Björg Eðvaldsdóttir, Hermann Georg Gunnlaugsson og Björk Guðmundsdóttir hitann og þungann af þeim undirbúningi, með hjálp margra annarra. Vegna ferða- og samkomutakmarkanna af völdum Covid-19 faraldursins ákvað stjórn IFLA Europe að halda aðalfundinn rafrænt og fresta ráðstefnu sem halda átti í tengslum við aðalfundinn. Svanhildur formaður og Fríða IFLA fulltrúi sátu fundinn sem haldinn var 17. október 2020, ásamt Hermann Georg, sem er í stjórn IFLA Europe, en hann var kosinn gjaldkeri fyrir ári síðan. 57 manns sátu fundinn. Kosning nýrra fulltrúa fór fram rafrænt fyrir fund en kosning um önnur málefni fór fram á sjálfum fundinum, sem var stjórnað frá Brussel.

Það voru vissulega vonbrigði að geta ekki haldið fundinn á Íslandi eins og til stóð, en sem sárabót var það samþykkt á GA2020 fundinum að Ísland myndi hýsa fundinn árið 2028 á 50 ára afmæli FÍLA. Eins og venja er var gerð ályktun í lok fundar.

Undirbúningur var langt kominn, t.d. var búið að hanna logo, ráða fyrirlesara, skipuleggja vettvangsferðir en þema fundarins og ráðstefnunnar var footprints in landscape. Útlagður kostnaður FÍLA vegna undirbúningsins var aðallega vegna þeirrar vinnu sem viðburðafyrirtækið Sena hafði innt af hendi og svo hönnun logós, en IFLA Europe mun dekkja stærstan hluta þess kostnaðar og eins fékkst styrkur frá Landsvirkjun.

Minum á nýja heimasíðu IFLA Europe, og er slóðin [www.iflaeurope.eu](http://www.iflaeurope.eu).

## 7. Aðrir viðburðir

- Málþing á vegum Skipulagsstofnunar, *Lífið í landslaginu*, sem lokahnykkur í kynningarátaki um landsskipulagsstefnu átti að halda 30. mars 2020 en var frestað vegna Covid-19 faraldursins og var haldinn þann 26. ágúst 2020. Málþingið var haldið í Norræna húsinu, en þar var takmörkuð þátttaka vegna samkomutakmarkana en fundinum var streymt. Dagný Bjarnadóttir hélt erindi undir heitinu *Hönnun betri hegðun*, en auk þess voru flutt nokkur erindi.
- Fyrirlestur á vegum LBHÍ nefndist *Umhverfi, skipulag og lýðheilsa* var haldinn 29. september 2020.

- Hönnunarmars var haldinn dagana 26.-28. júní og þar tók FÍLA þátt í sýningu í samstarfi við AÍ og Grænni byggð, sem bar yfirskriftina *Og hvað svo? Hið byggða umhverfi og hamfarahlýnun*. Sýningarstjóri var Gerður Jónsdóttir. Það reyndist vel að fresta fundinum fram í júní og mætti fjöldi manns á opnunina og næstu daga á eftir.

## 8. Félagsmenn og nýliðun

Félagsmenn í FÍLA við lok starfsársins 2020-2021 eru 67 og 9 námsmenn eða samtals 86.

Fjöldi fullgildra félagsmanna án undanþága er 72 (þ.e. þeir sem greiða C og D-gjald teljast ekki með í þeirri tölu og telst vera opinber fjöldi félagsmanna FÍLA innan IFLA). Neðangreindar upplýsingar hér í töflunni fyrir árið 2020 miðast við 27. apríl 2020.

Skipting:	2021	2020	2019	2018	
· <b>A-gjald</b> er fullt félagsgjald	<b>68</b>	<b>68</b>	67	68	félagsmenn
· <b>B-gjald</b> er 80% af fullu félagsgjaldi og um það geta sótt félagar sem eru búsettir í lengra en 100 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.	4	4	4	5	félagsmenn
· <b>C-gjald</b> er 50% af fullu félagsgjaldi. Um það geta sótt: <ul style="list-style-type: none"> <li>- félagar sem eru búsettir erlendis.</li> <li>- nýir félagar fyrstu tvö árin eftir útskrift.</li> <li>- félagar sem vegna sérstakra aðstæðna, sem stjórn telur gildar, hafa þörf fyrir lækkun árgjalds.</li> </ul>	9	7	8	14	félagsmenn
· <b>D-gjald</b> er 20% af fullu félagsgjaldi og er fyrir námsmenn.	6	10	11	14	félagsmenn
· <b>Heiðursfélagar og félagar 65 ára og eldri</b> , er hafa verið a.m.k. 10 ár í félaginu, eru undanþegnir félagsgjaldi.	4	4	4	3	félagsmenn

Þrjár umsóknir bárust um inngöngu í félagið á síðastliðnu starfsári og tveir sögðu sig úr félaginu.

*Hermann Georg* hefur tekið saman yfirlit yfir þá féлага sem fengið hafa löggildingu og heimild til að leggja fram uppdrætti til byggingarleyfisumsóknar.

- Frá upphafi hafa 107 fengið löggildingu.
- Af þeim sem eru með löggildingu eru einungis 35 sem mega leggja fram uppdrætti vegna byggingarleyfisumsóknar sbr. 5. tölulið 13. gr. laga um mannvirki.

*Auður Sveinsdóttir, Einar E. Sæmundsen og Helena Guttormsdóttir* hafa tekið saman yfirlit um núverandi félagsmenn, sem eru 81 og stöðu þeirra á vinnumarkaðnum:

Landslagsarkitektastofur	43
Verkfræðistofur	12
Arkitektastofur	2
<b>Samtals einkageiri:</b>	<b>57 (70%)</b>

<b>Samtals opinberar stofnanir:</b>	<b>7 (9%)</b>
<b>Samtals sveitarfélög:</b>	<b>10 (12%)</b>
<b>Samtals erlendis og annað:</b>	<b>7 (9%)</b>

Lesi má ýmislegt úr þessum niðurstöðum og vinna áfram. Kanna þarf hvað valdi því að ekki eru fleiri með heimild til þess að leggja fram séruppdrætti með byggingarleyfisumsóknum. Þar getur verið um að ræða skort á upplýsingum, skort á námskeiðum, kostnað ofl.

Hvað varðar starfsvettvang landslagsarkitekta þá er það eftirtektarvert að einungis um 9% félagsmanna vinnur hjá hinu opinbera þ.e. ríkisstofnunum, svo þar er býsna óþlæggður akur.

## 9. Umsókn LBHÍ um viðurkenningu á Bsc námi hjá IFLA Europe

Umsóknarferli LBHÍ um viðurkenningu á Bsc námi í umhverfisfræði hófst fyrir nokkrum misserum og hefur nú verið afgreidd. Menntanefnd IFLA Europe hefur staðfest að námið uppfylli kröfur félagsins til grunnnáms í landslagsarkitektúr, 3 ár og 180 ect einingar, en viðurkenningin gildir í 2 ár, 2020-2022 og skal þá tekin til endurskoðunar. FÍLA mælti með viðurkenningunni til IFLA Europe og hafði í ferlinu lagt áherslu á að nafni brautarinnar yrði breytt í Bsc nám í landslagsarkitektúr. Það er mikið gleðiefni að umsókn um viðurkenningu, sem hefur átt sér langan aðdraganda, hafi nú verið samþykkt. Nafnabreyting brautarinnar hefur haft þau áhrif að sýnileiki fagsins hefur aukist og nýnemum fjölgaði verulega síðastliðið haust. Kristín Pétursdóttir landslagsarkitekt er brautarstjóri. Hún er nú á leið í ársleyfi og mun Hermann Georg Gunnlaugsson leysa hana af.

## 10. Samkeppnisreglur FÍLA og samkeppnismál

Nokkuð mörg verkefni hafa komið á borð Samkeppnisnefndar á síðasta starfsári. Eftirfarandi samkeppnir voru haldnar skv. samkeppnisreglum FÍLA.

- Stykkishólmur, samkeppni um útsýnisstað í Súgandisey. Undirbúningur og forval. Dómnefndarfulltrúi FÍLA var Dagný Bjarnadóttir.
- Akranes, samkeppni um skipulag og hönnun Langasandssvæðis. Undirbúningur og forval. Fulltrúi FÍLA í dómnefnd er Hermann Georg Gunnlaugsson.

Auk fyrrnefndra samkeppna eru uppi viðræður samkeppnisnefndar FÍLA og nokkurra aðila um samkeppni.

- Viðræður við Reykjavíkurborg um fyrirhugaða hönnunarsamkeppni um Lækjartorg, sem væntanlega verður forvalskeppni.
- Viðræður við Reykjavíkurborg og Minjastofnun um undirbúning og umsjón hönnunarseamkeppni fyrir Víkurkirkjugarð við Aðalstræti.

- Viðræður við Múlaþing um að halda samkeppni um áningarstað við Bjólf, í tengslum við úthlutun úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Önnur dómnefndarstörf FÍLA félaga:

Ragnhildur Skarphéðinsdóttir í dómnefnd vegna hönnunarsamkeppni um brú yfir Fossvog.

Björn Ingi Edvardsson vegna forvalssamkeppni um byggð við sjávarsíðuna í Gufunesi.

Práinn Hauksson vegna hönnunarsamkeppni um götugögn fyrir Borgarlínuna, samstarfsverkefni Borgarlínu og Hönnunarmiðstöðar Íslands.

*Sjá nánar skýrslu samkeppnisnefndar í viðauka.*

## 11. Kynningarmál

### Heimasíða FÍLA

Heimasíðan er lykill að upplýsingum um hvað félagið hefur að bjóða bæði almennum notanda og félagsmönnum. Ritari FÍLA hefur séð um að koma fréttum og málefnum þar inn. Að undanfögnu hefur verið til skoðunar og í undirbúningi að flytja heimasíðuna undir heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar, þar sem hin aðildarfélögin hafa einnig sínar heimasíður. Á heimasíðu hönnunarmiðstöðvarinnar er unnið með Kodo í forritun á nýju síðunni en síðan sjá þau sjálf um að útbúa veftré, flokka og setja inn á síðuna.

Unnið er með 2 möguleika. Að hafa grunnupplýsingar undir Hönnunarmiðstöð og síðan tengil inn á okkar heimasíðu. Eða að flytja heimasíðuna undir heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar (eins og AÍ hefur gert) en þá þarf samt að tryggja að ef slegið er inn fila.is, þá flytjist notandi sjálfkrafa inn á rétta heimasíðu.

### Facebooksíða FÍLA

Facebooksíðan FÍLA – hópur fyrir félagsmenn, er virk og setja félagsmenn þar fréttir og tilkynningar. Þar geta allir sett inn tilkynningar og efni skylt faginu og fésbókin er lifandi miðill sem er hægt að nota, en á þó ekki að koma í stað heimasíðu. Það hefur komið til tals að virkja síðu sem myndi ná útfyrir félagsmenn og vera kynningarsíða og verður það skoðað í tengslum við nýja heimasíðu undir hatti Hönnunarmiðstöðvar.

### Ritnefndafulltrúar FÍLA og tímarit um hönnun og arkitektúr HA

Tímaritið HA hefur verið gefið út frá, en útgáfu hefur nú verið hætt, tímabundið a.m.k. Útgáfan hefur gengið upp og ofan á undanfögnu árum og höfðu formenn aðildarfélaga í Hönnunarmiðstöð haft útgáfu HA undir ströngu eftirliti og aðhaldi. Það mun væntanlega skýrast á næstu misserum hvort eitthvað verði af rafrænni útgáfu í tengslum við heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar.

### Greinar í blöð

Ulla R. Pedersen ritaði grein sem birtist á visir.is 7. des. 2020 og nefndist Leikir barna og réttindi þeirra til leiks.

Auður Sveinsdóttir og Einar E. Sæmundsen skrifuðu um Elliðarárdalinn í Fréttablaðið 3. des. 2020

Um fjöllum um útsýnispall við Bolafjall í tímariti Landskab í nóvember 2020. Landmótun hannaði.

## 12. Samráð, samstarf og samskipti

### ● Samvinna AÍ, FHI og FÍLA

Þessi þrjú arkitektafélög eiga öll aðild að Miðstöð Hönnunar og arkitektúrs. Að undanfögnu hafa þau starfað sameiginlega að undirbúningi sýningar á Hönnunarmars, sem reyndar hefur verið breytt í litla ráðstefnu eða málþing. FÍLA sótti um styrk til Reykjavíkurborgar fyrir hönd félaganna og fékk úthlutað.

Formenn félaganna funduðu í Grósku 19. mars 2021, nýkjörinn formaður AÍ er Sigríður Maack og formaður FHI er Rósa Dögg Þorsteinsdóttir. Ýmis mál voru rædd og þá helst hvernig auka mætti samstarf félaganna. Nýleg mál sem upp hafa komið og varða höfundarrétarlög og verklag Myndstefs voru rædd, en á þeim vettvangi er skynsamlegt að félögin séu samstíga og beiti sér sem ein rödd. Einnig ræddu formenn kjaramál og stéttarfélög.

### ● Samvinna LBHÍ og FÍLA

Á félagsfundi FÍLA í nóvember (Zoom fundi) héldu þær Kristín Pétursdóttir brautarstjóri og Samaneh Nickayin nýr lektor við skólann erindi eins og kemur fram hér að ofan. Fundurinn var mjög vel sóttur og voru fyrirlestrar þeirra settir inn á heimasíðu félagsins. Til stóð að fylgja þessu eftir og heimsækja skólann, þar sem félagsmönnum gæfist kostur á að kynna sér Landslagsarkitektabrotina og skólann og einnig að kynna félagið fyrir nemendum í Landslagsarkitektúr. Af því hefur ekki enn orðið en stefnt er á slíka heimsókn um leið og færi gefst.

Eins og venja hefur verið undanfarin ár, þá eru veitt verðlaun fyrir góðan námsárangur við útskrift Bsc nema við landslagsarkitektúr við LBHÍ, sem fram fór 5. júní 2020. FÍLA gaf bók Einars E. Sæmundsen *Að skapa ofurlítinn skemmtigarð* við það tilefni.

- **Dagur íslensk landslags. Viðræður við Umhverfissráðuneytið.** Á síðasta aðalfundi var samþykkt tillaga þeirra Einars E. Sæmundsen og Auðar Sveinsdóttur um að tileinka einn dag í aprílmánuði, íslensku landslagi. IFLA hefur útnefnt aprílmánuð sem mánuð landslagsarkitektúrs og því þótti tilvalið að velja einn dag í þeim mánuði og tileinka hann íslensku landslagi. Ákveðið var að senda erindi á Umhverfissráðuneytið og óska eftir samstarfi við ráðuneytið um útfærslu á slíkum degi, en 15. apríl, afmælisdagur Vigdísar þótti álitlegur. Í framhaldi af erindinu var óskað eftir fundi með Guðmundi Inga Guðbrandssyni Umhverfissráðherra og var sá fundur haldinn 17. febrúar 2021. Á fundinum voru auk ráðherra, Orri Páll og Guðríður, starfsmenn ráðuneytisins, Svanhildur Einar Sæm. og Ragnar Frank fyrir hönd FÍLA. Ráðherra tók ekki illa í erindið en óskaði eftir nánari tillögu að útfærslu og tilhögun. Stjórn fundaði síðan þann 17. mars 2021 með Einari, Auði og Þráni til þess að ræða stöðuna frekar. Niðurstaða þess fundar var að líklega þyrftum við ekki að eyrnamerkja neinn sérstakan dag ár hvert, heldur skyldum nýta aprílmánuð ár hvert til þess að vekja athygli á félaginu og skapa umræðu um landslag og landslagsarkitektúr. Áfram verður unnið með þessar hugmyndir á komandi starfsári.

- **Landsáætlun í skógrækt LSK2020.** Spurningakönnun þar sem afstaða til skógræktar var könnuð. Hermann Ólafsson svaraði fyrir hönd FÍLA.

- **Fagrað votlendissjóðs.** Í fagraði votlendissjóðs sitja Bjarni Jónsson – framkvæmdastjóri votlendissjóðs, Borgþór Magnússon – Náttúrufræðistofnun Íslands, Jón Haukur Steingrímsson – EFLA, Tómas Grétar Gunnarsson – Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Suðurlandi, Sunna Áskellsdóttir – Landgræðsla ríkisins og Guðrún Birna Sigmarsdóttir – FÍLA.

### 13. Verðlaun og viðurkenningar

Enginn landslagsarkitekt eða landslagsarkitektastofa hlaut verðlaun Hönnunarmiðstöðvar í ár.

### 14. Miðstöð Hönnunar og Arkitektúrs

**Hönnunarmiðstöð** er kynningar- og upplýsingamiðstöð fyrir íslenska hönnun á Íslandi og erlendis. Inga Rut Gylfadóttir er fulltrúi FÍLA í stjórn miðstöðvarinnar. Hönnunarmiðstöð flutti aðsetur sitt á árinu, frá Tryggvagötu 17 í nýtt hús Grósku, Bjargargötu 1, sem er í Vatnsmýrinni. Miðstöðin hafði einungis verið í um eitt ár að Tryggvagötu 17. Nafni miðstöðvarinnar hefur verið breytt úr Hönnunarmiðstöð í **Miðstöð Hönnunar og arkitektúrs**, MHA, en það þykir endurspegla betur eðli og breidd þeirra aðildarfélaga sem standa að miðstöðinni, en af 9 félögum eru 3 arkitektafélög; FÍLA, AÍ og FHI. Halla Helgadóttir er framkvæmdastjóri miðstöðvarinnar og auk hennar eru 5 starfsmenn, sumir í hlutastarfi.

Aðstaða miðstöðvarinnar í hugmyndahúsinu Grósku er með besta móti en auk skrifstofu er þar lítið fundarherbergi og fundarsalur, *Fenjamýri*, sem stendur aðildarfélögum til boða. Í húsinu er einnig ráðstefnusalur sem hægt er að leigja.

Ný heimasíða Hönnunarmiðstöðvar hefur verið opnuð og þar geta aðildarfélögin tengt sínar heimasíður. Til stendur að heimasíður allra aðildarfélaga verði hluti af heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar, en enn verði þó hægt að fara inn á heimasíðu FÍLA gegnum slóðina [www.fila.is](http://www.fila.is).

Fundur var haldinn á Zoom 19. október 2020 með stjórn Hönnunarmiðstöðvar. Þar er unnið að breytingartillögu á samstarfssamningi, þar sem lagt er til að í stað þess að öll aðildarfélögin eigi fulltrúa í stjórn, velji þau sér 3 fulltrúa, sem ásamt tveimur utanaðkomandi stjórnarmönnum (úr ráðuneyti og atvinnulífi) myndi 5 manna rekstrarstjórn. Áfram verði starfandi eins konar fulltrúaráð með fulltrúum allra aðildarfélaga, sem fundi a.m.k. tvisvar á ári. Þessar breytingar verða lagðar fram á næsta aðalfundi MHA.

*Sjá nánar skýrslu fulltrúa í Hönnunarmiðstöð.*

### 15. Siðanefndarmál

Unnið var og lokið við að afgreiða 3 kærur á síðasta ári sem bárust siðanefnd.

Kærurnar voru á hendur Fíla félögum frá aðila sem stendur utan við Fíla.

Niðurstöður nefndarinnar sem sendar voru stjórn voru í öllum tilfellum að ekki væri um brot á siðareglum Fíla að ræða.

### 16. Framtíðarsýn og næstu verkefni

- Hönnunarmars verður haldinn í maí. Þar munu FÍLA, AÍ og FHI standa saman að lítilli ráðstefnu/málþingi
- Stór og veglegur félagsfundur (gott party) /haustferð/
- Áframhald á útfærslu aprílmánaðar sem mánuð landslagsarkitektúrs

- Kynning á félaginu til nýútskrifaðra landslagsarkitekta auk heimsóknar og kynningar í LBHÍ
- Heimasíða og kynningarmál.

## **17. Viðaukar:**

Skýrslur nefnda og vinnuhópa:

- I. Dagskrárnefnd
- II. Laganefnd
- III. Samkeppnisnefnd
- IV. Menntanefnd
- V. IFLA-fulltrúi
- VI. Fulltrúi FÍLA í Hönnunarmiðstöð
- VII. Orðanefnd
- VIII. Garðsöguhópur FÍLA
- IX. Siðanefnd



## **I. DAGSKRÁRNEFND FÍLA**

Hlutverk dagskrárnefndar er að skipuleggja og sjá um faglegt innra starf félagsins. Setja upp dagskrá fyrir starfsárið og útvega gestafyrirlesara inn á félagsfundi o.fl. tengt þeim.

Nefndina skipa:

Marta María Jónsdóttir  
Ulla Rolfsigne Pedersen  
Halla Hrund Pétursdóttir

*Ekki hefur borist skýrsla dagskrárnefndar fyrir starfsárið 2020-2021*

## II. LAGANEFND FÍLA

Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um breytingar á lögum FÍLA auk þess að fjalla um lagaleg erindi sem berast FÍLA og varða lög og reglugerðir frá Alþingi og öðrum stofnunum samfélagsins.

Starfsárið 2020-2021 skipuðu nefndina Ingvar Ívarsson formaður, Sigurbjörg Áskelsdóttir og Arnar Birgir Ólafsson.

Í nóvember 2020 barst nefndinni erindi um að fara yfir tillögu að breytingu á lögum um listamannalaun, nr. 57/2009 (tímabundin fjölgun starfslauna og styrkja). Frumvarpið fjallaði um sérráðstöfun vegna Covid sem kemur til framkvæmda árið 2021. Nefndin gerði ekki athugasemdir við breytingartillöguna.

Í nóvember 2020 barst nefndinni erindi um að fara yfir tillögu til þingsályktunar um aukna skógrækt til kolefnisbindingar, 107. mál. Nefndin gerði ekki athugasemdir við tillöguna.

Í febrúar 2021 barst nefndinni erindi um að fara yfir tillögu vegna frumvarps um Hálendisþjóðgarð, 369. mál. Lögin fjalla um friðlýsingu og verndun náttúrufars, sögu og menningar innan Hálendisþjóðgarðs, um stjórnun, valdheimildir og rekstur þjóðgarðsins og skiptingu hans í rekstrarsvæði. Nefndin gerði ekki athugasemdir við tillöguna en stjórn FÍLA sendi inn umsögn.

Í mars 2021 barst nefndinni erindi um að fara yfir tillögu vegna frumvarps til laga um loftferðir,

586. mál. Markmið laganna er að stuðla að og tryggja öruggar, greiðar og skilvirkar flugsamgöngur að teknu tilliti til neytendaverndar, umhverfissjónarmiða og þjóðréttarlegra skuldbindinga. Nefndin gerði ekki athugasemdir við tillöguna.

Í apríl 2021 barst nefndinni erindi um að fara yfir tillögu til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015-2026, 705. mál. Tillagan fjallar um að stjórnvöld skuli vinna að skipulagsmálum í samræmi við landsskipulagsstefnu þessa sem felur í sér: 1. Stefnu um skipulag á miðhálendi Íslands. 2. Stefnu um skipulag í dreifbýli. 3. Stefnu um búsetumynstur og dreifingu byggðar. 4. Stefnu um skipulag á haf- og strandsvæðum. 5. Stefnu um loftslagsmiðað skipulag.

6. Stefnu um staðarmótun og landslagsvernd. 7. Stefnu um heilsuvæna byggð og landnotkun.

Í landsskipulagsstefnu verði eftirfarandi lagt til grundvallar auk markmiða skipulagslaga: 1. Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun. 2. Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.

3. Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks. 4. Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta. Nefndin telur tillöguna góða og metnaðarfulla og gerði ekki athugasemdir við hana

Nefndina skipa:

Ingvar Ívarsson, Arnar Birgir, Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir

### III. SAMKEPPNISNEFND FÍLA

Starf samkeppnisnefndar var nokkuð lífligt á síðasta starfsári en helstu verkefni voru eftirfarandi:

#### **Stykkishólmur, samkeppni um útsýnisstað í Súgandisey**

FÍLA sá um undirbúning og forval í samkeppninni í samvinnu við Stykkishólmsbæ en samkeppnin var auglýst í júní 2020. Dómnefndarfulltrúi FÍLA var Dagný Bjarnadóttir.

Niðurstaðan lá fyrir á haustmánuðum þar sem tillagan Fjöreggið var valin en höfundar þess eru Landslag, Gláma Kím og myndlistarmennirnir Ölöf Nordal og Gunnar Karlsson.

#### **Akranes, samkeppni um skipulag og hönnun Langasandssvæðis**

Samkeppnisnefndin var í viðræðum í alllangan tíma við fulltrúa Akraneskaupsstaðar um fyrirkomulag samkeppninnar sem var auglýst í febrúar 2021. Þrjú teymi voru valin sem núna vinna tillögur að skipulagi svæðisins. Fulltrúar FÍLA í dómnefnd eru Hermann Georg Gunnlaugsson og Hildur Gunnlaugsdóttir arkitekt. Úrslit verða væntanlega tilkynnt næsta haust.

#### **Viðræður við Reykjavíkurborg**

Samkeppninefnd FÍLA hefur átt í viðræðum við fulltrúa Reykjavíkurborgar varðandi fyrirhugaða hönnunarsamkeppni um Lækjartorg og aðliggjandi göturými. Borgin er að ljúka við að vinna drög af samkeppnislýsingu sem væntanlega verður forvalssamkeppni. Líklegt er að samkeppnin verði auglýst á allra næstu mánuðum.

Einnig hefur samkeppnisnefndin verið í viðræðum við Reykjavíkurborg og Minjastofnun um undirbúning og umsjón á hönnunarsamkeppni fyrir Víkurkirkjugarð við Aðalstræti. Drög af samkeppnislýsingu liggja fyrir en samkeppnin er nokkuð flókin í framkvæmd þar sem bæði ríki og borg eru aðilar að henni. Engar ákvarðanir hafa verið teknar varðandi dagsætningar.

#### **Viðræður við Múlaping**

Nýlega fékkst fé úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða til þess að halda samkeppni um áningastað við Bjólf sem er eitt af fjöllum Seyðisfjarðar. Samkeppnisnefndin hefur hafið viðræður við sveitarfélagið um umsjón og framkvæmd samkeppninnar sem að öllum líkindum verður sett á laggirnar í sumar.

#### **Önnur dómnefndarstörf FÍLA félaga**

Fulltrúi FÍLA í dómnefnd í hönnunarsamkeppni um brú yfir Fossvog er Ragnhildur Skarphéðinsdóttir en samkeppnin er nú haldin aftur eftir að fyrra forval var felld úr gildi.

Tilnefndur fyrir hönd FÍLA í forvalssamkeppni um byggð við sjávarsíðuna í Gufunesi er Björn Ingi Edvardsson en samkeppnin er haldin af fasteignarþróunarfélaginu Spildu í samvinnu með AÍ.

Haldin var hugmyndasamkeppni um götugögn á Borgarlínustöðvum sem var samstarfsverkefni Borgarlínu og Hönnunarmiðstöðvar Íslands. Skilafrestur í þá samkeppni var 3. júní 2020 og okkar fulltrúi í dómnefnd var Þráinn Hauksson.

Nefndarskipan var óbreytt frá fyrra starfsári:

Nefndina skipa:

Hlín Sverrisdóttir formaður, Björn Ingi Edvardsson og Ólafur Melsted.

#### **IV. MENNTANEFND FÍLA**

Menntanefnd á að vera stjórn FÍLA til ráðuneytis m.a. er varðar umsóknir um inntöku nýrra félaga og meta hvort umsækjandi uppfyllir menntunarkröfur í samræmi við lög félagsins. Menntanefnd bárust engin erindi og ekki var því tilefni að halda formlegan fund. Nefndarmenn ræddu saman og voru í tölvupóstsamskiptum.

Fulltrúar í menntanefnd höfðu sett sér markmið fyrir starfsárið 2020-2021 að kynna FÍLA fyrir nemendum Lbhí og ræða við brautastjóra og kennara brautarinnar, en það hefur ekki tekist vegna COVID heimsfaraldurs. Landbúnaðarháskólinn hefur verið lokaður fyrir gestum mestan hluta skólaársins 2020-2021. Fjöldi nemenda í landslagsarkitektúr við Lbhí jókst mikið haustið 2020, má álykta að nýtt heiti námsbrautar B.s. í Landslagsarkitektúr sem var samþykkt vorið 2020 hafi skilað sér í aukinni aðsókn.

Nýr lektor í landslagsarkitektúr hóf störf við námsbrautina sumarið 2020, Dr. Samaneh Nickayin. Í nóvember 2020 kynnti Samaneh fyrir félagsmönnum persneska garða, en hún er frá Íran, landslagsarkitekt frá Ítalíu. Kristín Pétursdóttir, námsbrautarstjóri kynnti fyrir félagsmönnum FÍLA frá Bs náminu í landslagsarkitektúr á Hvanneyri, helstu áherslum, verkefnum nemenda og starfinu almennt.

Formaður menntanefndar á nú sæti í stjórn Fíla og situr alla stjórnarfundum.

Nefndina skipa:

Ragnar Frank Kristjánsson, formaður, Hildur Dagbjört Arnardóttir og Guðmundur Rafn Sigurðsson.

## V. IFLA FULLTRÚI

FÍLA hefur frá upphafi tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi landslagsarkitektafélaga, þ.e. IFLA Europe og IFLA World. IFLA-fulltrúi FÍLA er Fríða Björg Eðvaldsdóttir og er hún tengiliður félagsins við IFLA og IFLA Europe.

*Ekki hefur borist skýrsla fyrir starfsárið 2020-2021*

## VI. FULLTRÚI FÍLA Í HÖNNUNARMÍÐSTÖÐ

### Miðstöð hönnunar og arkitektúrs 2020

Helstu verkefni Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs eru HönnunarMars með DesignTalks ráðstefnunni, rekstur Hönnunarsjóðs Íslands sem úthlutar styrkjum fjórum sinnum á ári, útgáfa HA tímaritsins og Hönnunarverðlaun Íslands. Auk þess heldur Miðstöðin úti fréttaplutningi á ýmsum miðlum, sinnir ráðgjöf við hönnuði og fyrirtæki og er í samtali við stjórnvöld og aðila vinnumarkaðar um málefni greinanna. Einnig sinnir Miðstöðin erlendum samskiptum.

### Nýtt einkenni

Sumarið 2020 kynnti Miðstöðin nýtt einkenni og áherslur. Miðstöð hönnunar og arkitektúrs mun í auknum mæli leggja áherslu á hönnunardrífna nýsköpun sem stuðlar að verðmætasköpun og betra samfélagi. Markmiðið er að íslensk fyrirtæki og hið opinbera telji sjálfsagt að nýta sér hönnun sem aðferð og tæki í nýsköpun til að ná fram breytingum í þágu lífsgæða, umhverfis og atvinnulífs.

Hönnunarmiðstöð Íslands hefur verið starfrækt í áratug og lagt áherslu á mikilvægi hönnunar og arkitektúrs fyrir samfélagið, menningu og atvinnu- og efnahagslíf. Á þessum tímamótum taldi stjórn tímabært að skerpa á hlutverki miðstöðvarinnar og um leið bæta arkitektúr inn í nafnið sem fellur betur að alþjóðlegum áherslum.

Einkennið er hannað af Studio Studio, grafísku hönnuðunum Arnari Frey Guðmundssyni og Birnu Geirfinnsdóttur en letrið er hannað af íslensku letursmiðjunni Universal Thirst.

### Ný heimasíða

Samhliða nýju einkenni fór ný heimasíða Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs í loftið rétt fyrir HönnunarMars í júní. Síðan er með öflugri frétt- og upplýsingaveitu fyrir fagfólk, áhugafólk um hönnun og arkitektúr og almenning ásamt upplýsingasíðum og fróðleik og tengingum.

Vefurinn var þróaður og hannaður af Ueno, Kodo og hönnunarstofunni Studio Studio.

### Könnun um áhrif Covid-19

Heimsfaraldur setti sitt mark á störf hönnuða og arkitekta og starfsemi Miðstöðvarinnar á árinu. Í apríl var send út könnun til að varpa ljósi á áhrif Covid-19 á starfsemi á sviði hönnunar og arkitektúrs á Íslandi. 483 svör bárust frá stjórnendum, launafólki og sjálfstætt starfandi hönnuðum og arkitektum úr fjölbreytilegum greinum.

Af niðurstöðunum er ljóst að ástandið hafði haft alvarlegar afleiðingar strax í apríl.

50% hönnuða og arkitekta höfðu misst helming til allar tekjur sínar

75% fyrirtækja fundu fyrir verulegri lækkun á tekjum

70% verkefna hafði verið frestað, hætt eða dregist verulega saman.

## HönnunarMars 2020 fór fram í júní

HönnunarMars var valin borgarhátíð Reykjavíkurborgar til þriggja ára 2020-2022. Hátíðin 2020 átti að fara fram í lok marsmánaðar eins og undanfarin ellefu ár en var frestað til 24.-28. júní vegna heimsfaraldurs Covid-19. Ákvörðunin var tekin í samráði við þátttakendur og samstarfsaðila HönnunarMars. Um miðbik júní komu þær jákvæðu fréttir að hátíðin gæti raunverulega farið fram, en með töluvert breyttu sniði því stórir og mannmargir viðburðir sem hafa verið fastir liðir hátíðarinnar urðu að bíða til ársins 2021.

HönnunarMars fór fram í tólfta sinn dagana 24.- 28. júní 2020 þar sem yfir 80 sýningar og 100 viðburðir voru á dagskrá. Samskiptahöftum var að léttu og fjöldi manns sótti hátíðina þrátt fyrir óvissutíma í samfélaginu og mikill meðbyr var með hátíðinni. HönnunarMars boðar nýjungar og lausnir og veitir um leið innblástur og eflir bjartsýni. Þá skapast á HönnunarMars tækifæri til að vekja athygli á mikilvægi skapandi hugsunar á krefjandi tímum.

## Miðstöð hönnunar og arkitektúrs flutti í Grósku ásamt Arkitektafélagi Íslands

Miðstöð hönnunar og arkitektúrs hefur flutt starfssemi sína í Grósku, nýtt frumkvöðla - og sprotasetur Vísindagarða Háskóla Íslands í Vatnsmýrinni.

Miðstöðin verður með starfsemi sína í nýju frumkvöðla- og sprotasetri sem opnar á fyrstu hæð hússins, í sambýli við Icelandic Startups, Ferðaklasann, Auðnu tæknitorg og Vísindagarða Háskóla Íslands. Arkitektar hússins eru Andrúm arkitektar í samstarfi við DKPitt arkitekta.

## Hönnunarsjóður

Á árinu 2020 bárust sjóðnum samtals 524 umsóknir um 987 milljónir og 95 verkefni hlutu 90 milljónir króna í styrki.

Í hefðbundnar úthlutanir ársins bárust 248 umsóknir um almenna styrki að upphæð um 467 m.kr. Sjóðurinn veitti alls 46 verkefnum styrki að upphæð 42 m. kr. Sjóðurinn veitti 21 ferðastyrki en vegna Covid 19 fækkaði þeim styrkjum verulega.

Hönnunarsjóði var falið að veita 50 milljónum kr. í aukaúthlutun til átaksverkefna á sviði hönnunar og arkitektúrs í sérstakri ráðstöfun stjórnvalda vegna Covid 19. Í þeirri úthlutun hlutu 49 verkefni styrki en alls bárust 276 umsóknir þar sem sótt var um 520 milljónir.

Haldinn var ráðgjafadagur í samstarfi við Icelandic Startups í nóvember en 38 styrkþegar tóku þátt í honum.

## HA?

HA, tímarit um íslenska hönnun og arkitektúr hefur verið í útgáfulíu á þessu ári og verið er að endurskoða rekstrarforsendur blaðsins og skoða nýjar leiðir í útgáfunni.

Miðstöðin leggur mikla áherslu á að tryggja að áfram verði unnið gæðaeefni; greinar, umfjöllun og fréttir um hönnun og arkitektúr á Íslandi til að miðla innanlands sem utan.

## Góðar leiðir



Góðar leiðir er bræðingur verkefna á sviði innviðahönnunar ferðamannastaða sem byggir á víðtæku samtali milli stofnana, sveitarfélaga, fagfólks og ferðaþjónustuaðila. Verkefnið felur í sér kortlagningu, stefnumótun og þróun hönnunarferla við uppbyggingu, innleiðingu og viðhald innviða, með það að markmiði að vernda viðkvæma náttúru og greiða aðgengi að sterkri náttúruupplifun. Fegurð, virðing og öryggi eru leiðarstef Góðra leiða sem Miðstöð hönnunar og arkitektúrs vinnur í samstarfi við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Í febrúar opnuðu Miðstöð hönnunar og arkitektúrs, Orkustofnun og Umhverfisstofnun sameiginlega upplýsingasíðu NatNorth.is. Síðan inniheldur fjölbreytileg verkefni sem hafa það að markmiði að auka þekkingu, gæði og sjálfbærni í ferðaþjónustu í hánorðri. Verkefnið er hluti af verkefninu Gagnvegum góðum, formennskuverkefni Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2019.

Í ágúst 2020 var teymið Kolofon&co valið til að hanna merkingar og merkingakerfi fyrir ferðamannastaði og friðlýst svæði eftir samkeppni á vegum Miðstöð hönnunar og arkitektúrs í samstarfi við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Merkingarkerfið fer í loftið á árinu 2021.

Í nóvember á þessu ári voru haldnir alþjóðlegir samráðsfundir aðila að verkefninu Hönnun í norrænni náttúru. Anna María Bogadóttir, arkitekt leiðir vinnuna fyrir hönd Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs í samstarfi við fagaðila frá Íslandi, Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Færeyjum og Grænlandi. Verkefnið er hluti af formennskuverkefni Íslands í Norrænu ráðherranefndinni, Gagnvegir góðir.

Einnig er unnið að verkefni samstarfshóps um aukna fagþekkingu, bættu hönnun og samræmingu merkinga á ferðamannastöðum sem tengjast Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum.

### **Hönnunarverðlaun Íslands 2020**

Hönnunarverðlaunum Íslands 2020 var frestað fram í janúar sökum heimsfaraldurs og voru afhent með rafrænum hætti þann 29. janúar. Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra afhenti arkitektunum Margréti Harðardóttir og Steve Christer frá Studio Granda Hönnunarverðlaun Íslands 2020 fyrir verkefnið Drangar.

Heiðursverðlaunahafi Hönnunarverðlauna Íslands 2020 er Kristín Þorkeldsdóttir, grafískur hönnuður og 66°Norður hlaut viðurkenningu fyrir bestu fjárfestingu í hönnun.

### **Erlend verkefni**

Vegna óviðráðanlegra aðstæðna voru alþjóðleg verkefni á árinu 2020 miklu færri en alla jafna.

Þar ber þó hæst þátttaka sex íslenskra hönnuða í stafrænni hönnunarsýningu Adorno, Virtual Design Destination: New Reality, á London Design Festival sem fór fram rafrænt haustið 2020. Íslenski hluti sýningarinnar bar yfirskriftina Tengingar (e. Attunement) þar sem velt var upp spurningum um samband okkar við jörðina og kannski okkur sjálf. Sýningarstjórar voru Hlín Helga Guðlaugsdóttir og María Kristín Jónsdóttir. Íslensku hönnuðirnir sem tóku þátt voru Valdís Steinarsdóttir, Studio Flétta (Birta Rós Brynjólfsdóttir og Hrefna Sigurðarsdóttir), Björn Blumenstein, Ýr Jóhannsdóttir, Sigríður Birna Matthíasdóttir og Halldór Eldjárn.

Vöruhönnuðurinn Valdís Steinarsdóttir var valin hönnuður ársins hjá Formex Nova Verðlaunin hlaut hún fyrir verkefni sín Bioplastic Skin og Just Bones og hrósar dómnefndin Valdísi sérstaklega fyrir metnað til að hanna einstakar lausnir á samfélags- og umhverfislegum vandamálum í opnu samtali við áhorfendur.

### **Stjórn Miðstöðvarinnar**

Í stjórn miðstöðvarinnar sitja 9 fulltrúar þar sem hvert aðildarfélag kys sinn fulltrúa til að sitja í stjórn. Stjórnarfundir eru haldnir ca. 1 sinni í mánuði. Mikill tími þetta árið hefur farið í að vinna að tillögum um breytingar á stjórnarfyrirkomulagi Miðstöðvarinnar. Tillögurnar fela í sér hvernig best er að skerpa á hlutverki félaganna / hluthafahópsins í að móta stefnu og fagleg markmið. Unnið hefur verið í að endurskilgreina stjórn og hvernig tryggja megi sterkari tengingu við ráðuneyti og atvinnulíf sem mun nýtast Miðstöðinni til að ná sem bestum árangri og sýnileika til framtíðar. Það er von stjórnar að þessar breytingar styrki starfið og bæti faglegt umhverfi hönnuða og arkitekta á komandi árum. Ný tillaga snýst um að fækka stjórnarmönnum úr 9 í 5 manns, þ.e 3 frá aðildarfélagunum og 2 kröftugum utanaðkomandi aðilum sem kæmu t.d úr atvinnulífinu. Að sama skapi er mikilvægt að styrkja aðra þá sem sitja sem fulltrúar aðildarfélaganna í hluthafahópnum fyrir sitt félag til að efla Miðstöðina og að sem best og mest samtal verði milli stjórnar og hluthafahópsins. Þessar tillögur eru enn í vinnslu og verða kynntar á Aðalfundir Miðstöðvarinnar.

Inga Rut Gylfadóttir

## **VII. ORÐANEFND FÍLA**

Orðanefndin hefur ekkert aðhafst á árinu 2020.

Nefndina skipa:

Auður Sveinsdóttir

Áslaug Traustadóttir

Stefán Jónsson

Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir

## VIII. GARÐSÖGUHÓPUR FÍLA

Skýrsluárið 2020-2021 ber þess merki að heimsfaraldur hefur stýrt athöfnum okkar allra. Það má því hafa fá orð um verkefni okkar þetta árið. Ársskýrslan frá síðasta ári var einskonar uppgjör, kaflaskil og yfirlit, sem lauk með mikilvægum áfanga með útkomu skýrslunnar GARÐAR LIFANDI MINJAR.

Ársskýrslunni 2020 lauk með nokkrum vörðum á næsta ári eins og sést á þessari tilvitnun.

VERKEFNIN FRAMUNDAN (úr ársskýrslu 2019-2020)

„Nauðsynlegt er að koma á sterkum, faglegum tengslum við Minjastofnun sem

greinilega þarf á okkar fagþekkingu að halda, með ráðgjöf við verkefni.

Áður en flensan hélt innreið sína var búið að bóka fund með Minjastofnun til fara yfir stöðuna og móta fyrstu skref í samstarfi framtíðarinnar.

SAMGUS höfðu boðað fulltrúa Gsh. á vörfund samtakanna sem átti að halda í Hafnarfirði um miðjan apríl 2020. Fundinum var frestað til haustsins 2020 og verður skýrslan kynnt þá eins og til stóð.

Aðalfundur skráðgarðyrkjumeistara verður haldinn 16. maí nk. hefur EES verið boðið að koma á fundinn og kynna skýrsluna.”

Faraldurinn hefur gerði það að verkum að lítið varð af framkvæmd verkefnanna.

Í mars mánuði s.l. auglýsti Minjastofnun að þeir ætluðu að fara í mikla endurskoðun á stefnu stofnunarinnar. Við minntum á okkur og erum komin í rýnihóp þar sem rætt er um framtíðar verkefni Minjastofnunar – höfum minnt rækilega á mikilvægi „garða Lifandi minjar“. Skráðgarðyrkjumeistarar héldu sinn fund í maí og mætti EES á fundinn og kynnti greinargerðina. Fékk góðar undirtektir.

Loks barst beiðni frá Alþingi um að gefa umsögn um „Frumvarp til laga að breytingu um menningarminjar, nr 80/2012 (friðlýsing trjálunda, stakra trjá og garðagróðurs“.

Gefin var afar jákvæð umsögn af stjórn Fíla og undirrituðum.

Þessi lagabreyting tengdist kynningu á greinargerð okkar fyrir umhverfis og samgöngunefnd Alþingis haustið 2019.

Við teljum afar mikilvægt að verkefnið GARÐAR LIFANDI MINJAR fái sem besta og víðtækasta kynningu bæði meðal félagsmanna sem og hjá hlutaðeigandi aðilum.

Vonandi fer faraldurinn að gefa sig og samkomur og önnur mannleg samskipti að færast til betra horfs.

Nefndina skipa:

Einar E Sæmundsen

Auður Sveinsdóttir

## **IX. SIÐANEFND FÍLA**

Unnið var og lokið við að afgreiða 3 kærur á síðasta ári sem bárust siðanefnd.

Kærurnar voru á hendur Fíla félögum frá aðila sem stendur utan við Fíla.

Niðurstöður nefndarinnar sem sendar voru stjórn voru í öllum tilfellum að ekki væri um brot á siðareglum Fíla að ræða.

Nefndina skipa:

Pórólfur Jónsson formaður

Erla Bryndís Kristjánsdóttir

Guðmundur Rafn Sigurðsson

Áslaug Traustadóttir

Hlín Sverrisdóttir kom inn sem varamaður fyrir Erlu Bryndísi og Guðmund Rafn í ofangreindum málum.